

Þórsteinn Þórsteinsson skrifar um myndlist

Úr Listasafni Reykjavíkurborgar Kjarvalsstaðir

Þótt leitað væri dyrum og dyngjum finndist seint sá gagnrýnandi, eða listrýnir, sem væri fær um að setja kúf á listviðburð, er nær máli sem slíkur. Hin hlið málsins að sýna mönnum brestina í verkum sínum, að svo miklu leyti sem nokkur er þess umkominn, fylgir ekki einasta nokkuð hark, þegar að venju lætur, heldur orkar slíkt alltaf tvímælis, ef afstaðan er svo nervös, að hún unnir ekki vissri tiltrú í forhönd. Þá er þetta eitt af þeim fyrirbærum, sem þykja sjálfsagður hlutur í ríkara mæli en svo, að ekki hvarfli að manni að undir niðri séu eiginlega allir hálfléiðir á öllum, hvað þetta snertir, því þótt öðru hverju heyrir raunverulega ergilegt bofs, er samt eins og eitthvað sinnuleysi liggir í loftinu báðum megin viglinunnar. Nú þarf engan að undra, að sýning, sett saman með verkum úr Listasafni Reykjavíkurborgar, sé jafnbetri en til dæmis réttar og sléttar einkasýningar að ekki sé talað um, þegar einn meistarinn puntar upp við hlið hins næsta. En sýningin gefur líka svolitla innsýn í þróun nútímamyndlistar í breiðum skilningi. Það er talið sjálfsagt markmið að vera persónulegur og hafa sín sérkenni í einhverju formi og er sízt ástæða til að tortryggja slíkt. Og fátt virðist líklegt til að leysa þetta viðhorf af hólmi. Ef mig misminnir ekki því ver, birtist viðtal við ekki ómerkari mann en Gunnlaug Scheving í Lesbók Morgunblaðsins fyrir nokkrum árum, þar sem kvað samt við nokkuð annan tón, en hann drepur þar á gildi þess frjógvandi afis, er fólgið sé í gagnkvæmum áhrifum og gagnnýta sér reynslu genginna meistara. Þótt fæstir vildu vist vera óskyldir Gunnlaugi í hugsunarhætti, má sjá þess merki, að listin verður æ meir að einhvers konar athafnasemi, sem þó hangir í lausu lofti og virðist sem slíkt ein sér eiga að vera nokkurs konar friðlýsing eigin tilveru með það meðal eitt tiltækt að riða slig á arftekna hugmyndir um list.

Við fyrsta augnatillit gerum við þá frumkröfu, að mynd sé trúverðug. A sýningunni eru að vísu forvitnileg verk, sem virðast gera þetta að þversögn.

Kennisetningin um nauðsyn byltingar í skoðun myndverka er í raun ekki eins knýjandi og látið er í veðri vaka. Ég fæ ekki betur sé en að abstraktmyndir Svavars, Valtýs eða Kristjáns Davíðssonar séu meira eða minna klassískar í myndbyggingu og ekki gat ég merkt, að mér yrði hverft við frammi fyrir mynd Magnúsar Kjartanssonar (nó. 37), sem bjargast raunar aðeins fyrir beitingu litarsins. (Hér má skjóta því inn að „symmetria“ er líkast til fyrsta uppgötvun hins vitiborna manns á sviði myndbyggingar. En hún er svo vandmeðfarin, að þótt öllu sé kostað til að brugga samilegan metal, virðist eins og útkoman verði næstum ævintýrlega návatn. Samt virðist hér um harla vinsælt myndefni að ræða. Það má segja að eldri kynslóð íslenskra myndlistarmanna beri sýninguna uppi og það fer mjög að vonum, að

yngra listafólkið haldi ekki ávallt til jafns við þá. Málverk Jóns Stefánssonar, Asgrims og Gunnlaugs Scheving eru alltaf jafnmikið augnayndi. Í verk slíkra manna sækir maður hvíld um leið og þau opna manni leið til að minnast við gamalt og nýtt í senn, liðna tíð og nútímann, opinskáan og ógafullan. Svo er raunar um fleiri verk á sýningunni.

Mynd Þorvaldar Skúlasonar greinir frá heilli heimsstyrjöld, hversu skýra grein, sem menn nú gera sér fyrir slíku og líku máli gegnir um verk Kjartans Guðjónssonar eða Snorra Arinbjarnar. Þeir eru það vandfýsnir í verkum sínum, að það er af og frá, að nokkur fagurkeri dreymi sig ekki inn í þann veruleika myndbyggingar, sem er aðall og jarðsamband þeirra. Að ganga eftir sýningarsalnum er einatt áþekkt því að bláða í riti, þar sem hver sértækur kapitullinn tekur við af öðrum í bland við furður næstliðinna ára, augnabliksins, sem er að liða. Og sem slíkt rifjar sýningin upp heilræðið: Skósmíður, haltu þér við leistan þinn.

VARID LAND

Fundur á mánudag á Hótel Sögu

Allir þeir sem vilja styðja undirskriftasöfnunina til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamningsins og brottvísun varnarliðsins, eru boðaðir til fundar í

Súlnasal Hótel Sögu mánudaginn 21. janúar kl. 17.30.

Flutt verða stutt ávörp. A fundinum liggja frammi undirskriftalistar og þar geta þeir, sem vilja safna undirskriftum, fengið eyðublað. Einnig er þar tekið á móti framlögum til skrifstofu söfnunarinnar. — VARID LAND.

Frá Happraætti Framsóknarflokksins

Vinningsnúmerin í Happraættinu verða birt í Tímanum þriðjudaginn 22. janúar. Þeim sem enn eiga eftir að gera skil, gefst kostur á að greiða miða sína fram að þeim tíma. Skrifstofan að Hringbraut 30 er opin til kl. á morgun, mánudag.

**Auglýs
endur**

Auglýsingar, sem eiga að koma í blaðinu á sunnudögum þurfa að berast fyrir kl. 4 á föstudögum.

Augl.stofa Tímans er í Bankastræti 7. Símar: 19523 - 18300.



Haltu fast um budduna og kaupu þér Corolla

Toyota Corolla leynir nokk á sér. Kynntu þér verðið á honum og taktu svo vel eftir: Corolla er einn af fáum bílum í heiminum, sem eru í fremstu röð um öryggisbúnað. Corolla er vel búinn þægindum. Vinsældir hans má marka af því, að

þegar hafa selst næstum 2 milljónir Toyota Corolla. Og bensínnotkunin var mæld s.l. sumar á leiðinni Reykjavík – Norðurland. Hún reyndist aðeins 6,5 lítrar á hundraðið!

Haltu fast um budduna og kaupu þér Corolla.

Komnir á götuna og ryðvarðir kosta þeir:

Corolla Sedan 2ja dyra kr. 420 þús. 4ra dyra kr. 437 þús.

Corolla Station & Corolla Coupé: kr. 450 þús.

TOYOTA-3. STÆRSTU
BÍLASMÍÐJUR HEIMS
TOYOTA UMBOÐIÐ
HÓFÐATÚNI 2
SÍMAR 25111 & 22716

TOYOTA

